

Þú stendur viti á háum hól  
og horfir yfir ættarból.  
Um láð og haf þú lætur skína,  
ljóssins fögru geisla þína.

(Jóhann Nilsen, Hámundarstöðum, Hrísey)

Árið 1920 var skrifað um mikilsverðan atburð fyrir siglingar um Eyjafjörð, en þann 6. nóvember það ár var kveikt á vitunum í Hrísey, Hjalteyri og Svalbarðseyri og þeir formlega teknir í notkun fyrir sjófarendur. Tilgangur Hríseyjarvitans var að vera leiðbeiningamerki fyrir siglingar inn og út Eyjafjörðinn og merkja greiða leið sem hægt er sigla eftir án þess að lenda í ógöngum og rekast á sker og boða. Hann varaði sjófarendur við með lituðum hættuhornum um svæði sem ekki skal sigla á og hvítu ljósi þar sem hreinan sjó var að finna og skipin laus við hættur.

Bygging Hríseyjarvita var heimiluð af sjávarútvegsnefnd Alþingis og Landstjórn og Vitamálskrifstofunni fengið verkið í hendur skv. frumvarpi til laga um vitabyggingar frá árinu 1917 sem tók síðan gildi þann 1. janúar 1918. Landsstjórnin kostaði gerð Hríseyjarvitans með því skilyrði að Eyjafjarðarhéruðin skuldbundu sig til að byggja tvo vita til viðbótar, Hjalteyjarvita og Svalbarðseyjarvita. Í framhaldinu samþykkti Landsstjórnin að sjá um rekstur og viðhald vitanna.

Vitunum var þannig fyrirkomið að ljós Hríseyjarvitans, skar ljós vitanna á Siglunesi og í Flatey og ljós Svalbarðseyjarvitans og Hríseyjarvitans skárust við Laufásgrunn. Allir vitarnir þrjú voru byggðir á sama tíma af vinnuflokki vitamála. Svalbarðseyjarviti var byggður eftir sömu teikningu og Hríseyjarvitinn, en Hjalteyjarvitinn var gerður sem stálgrindarviti. Hönnuðir vitans voru Thorvald Krabbe og Guðmundur J. Hlíðdal verkfræðingar.

Hríseyjarviti er 5 m hár steinsteyptur turn, 2,7x2,7 m að utanmáli. Á honum er 3,3 m hátt ljóshús úr járni. Vitinn stendur á steinsteyptri undirstöðu sem nær um 0,25 m út fyrir vegg. Veggir eru múrdregnir/yfirdregnir með múr en það mótur fyrir borðamótum í gegnum múrinn. Dyr eru á suðurhlíð og fyrir þeim slétt hurð. Yfir þeim er fjögurra rúðu krosspóstagluggi og undir honum steinsteypt vatnsbretti. Efst á veggjum er framstætt band undir stölluðu þakskeggi. Á brún þess er einfalt handrið úr málmstöðum og tréslám. Járnstigi er af jörðu upp á svalir umhverfis ljóshúsið.



Hið innra er vitinn eitt rými og járnstigi er upp í ljóshúsið að lúgu í gólfi þess. Veggir og loft eru múrhúðuð og máluð. Ljóshúsið er áttstrent að grunnformi, 1,69 m að þvermáli og veggghæð þess 1,5 m. Gluggaband, 0,80 m á hæð, er efst á veggjum allan hringinn með átta trapisulöguðum rúðum sem hallast út að ofan. Þakið er áttstrent, smíðað úr járni og rís upp í lága keilu og á því efst er lofttúða. Í ljóshúsinu er 360° katadióptrísk 500 mm linsa með 110 volta 1000 watta aðalperu og 24 volta 150 watta varaperu.

Hríseyjarvitinn var upphaflega hvítur að lit með rauðu bandi á miðjum veggjum. Handrið á svölum var úr járni en hefur nú vikið fyrir öðru handriði smíðuðu úr málmstöðum og tré og slétt hurð hefur verið sett í stað spjaldahurðar.

1. desember 2003 var vitinn friðlýstur af menntamálaráðherra samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga um húsafriðun, nr. 104/2001. Friðunin tekur til ytra og innra borðs vitans og ljóshúss, þar með eru talin, linsa, linsuborð og lampi, stigar, handrið, hurð og gluggi. Friðunin tekur einnig til umhverfis vitans í 100 m rás frá honum, en að bjargbrún norðan hans.

Í sumar gaf fjölskylda Ottós Þorgilssonar skilti á vitann með nöfnum allra vitavörðna sem starfað hafa við vitann frá upphafi en Ottó starfaði í 33 ár sem vitavörður lengst allra.



# Fréttabréf VITAFÉLAGIÐ Íslensk strandmenning

2. tbl 2021

## Ágætu félagar

Vitafélagið var stofnað 2003 og í þau 18 ár sem það hefur starfað hefur áhersla verið lögð á fræðslu um strandmenningu og athyglinni beint að því sem er sérstakt við okkar umhverfi. Eitt helsta markmið félagsins hefur verið að vekja fólk til umhugsunar um þann merka menningararf sem fólgin er í vitum og öðrum strandminjum. Það er gaman og sérstaklega gagnlegt núna að rifja upp afrekaskrána og sjá hvað starfsemin hefur verið fjölbreytt á undanförunum árum þegar okkur finnst við föst og bundin alls kyns takmörkunum á fundarfrelsi. Allt þetta mikla starf hefur verið unnið í sjálfböðavinnu og eru þeir óteljandi klukkutímarnir sem hafa farið í starfseminu.

Fastir liðir í starfsemi félagsins undanfarin ár hafa verið **fræðslufundir**, **útgáfa fréttabréfs** og **málþing**, að **ógleymdum norrænu strandmenningarhátíðunum**. Yfir vetrarmánuðina hefur verið efnt til fræðslu- og skemmtifunda þar sem fjallað hefur verið um fjölbreytt viðfangsefni sem falla undir strandmenningu. Alls má reikna með að haldnir hafi verið yfir 200 fyrirlestrar um hin aðskiljanlegustu málefni, allt frá hlunnindanýtingu, sjókvíaelði og ögnum þess við lífríkið, hreinsun á ströndum landsins, ferðapjónustu, útlutning á hvalahljóðum og fjallað hefur verið um roð og hvernig roðvinnsla var í fortíðinni ásamt kynningu á nútímavinnslu á roði. Sjóslys og slysavarnir hafa verið tekin til kostanna og margt annað sem of langt yrði upp að telja.

**Fréttabréf Vitafélagsins** hefur komið út tvisvar á ári frá árinu 2005 og í hverju hefti eru 3-4 fróðlegar greinar um ýmislegt sem snertir málefni hafs og strandar. Ef allt er saman tekið gætu þessar greinar skagað hátt upp í heilt fræðirit um strandmenninguna. Þetta eru stuttar greinar sem fjalla á hnitmiðaðan hátt um það sem er á dagskrá. Nýleg Fréttabréf og ýmist fleira skemmtilegt og fróðlegt má lesa á heimasíðu félagsins [www.vitafelagid.is](http://www.vitafelagid.is).

Félagið hefur staðið fyrir **málþingum**, t.d. um verndun og nýtingu trébáta, og vorþing hafa verið haldin víða um land með fókusi á það sem er einkennandi fyrir hvert landsvæði.

Fleira má nefna sem félagið hefur beitt sér fyrir. Á fyrsta starfsári félagsins voru **sjö vitar víða um land friðlýstir**. Var þetta gert í samvinnu við Húsafriðunarnefnd ríkisins í þeim tilgangi að leggja áherslu á mikilvægi vitanna sem bygginga með sögulega hefð. Vitinn á Garðskaga fékk **nýtt ljóshús** fyrir tilverknað félagsins og hefur nú gamli vitinn öðlast fyrri glæsileika. Loks má nefna að Vitafélagið var meðframleiðandi á glæsilegri kvikmynd um vita sem heitir **Ljósmál**.

Norrænt samstarf milli strandmenningarfélaganna hefur verið mjög öflugt. Formaður Vitafélagsins, Sigurbjörg Árnadóttir var frumkvöðull að því að haldnar hafa verið **Norrænar strandmenningarhátíðir**, sú fyrsta á Húsavík, en síðan hafa þær verið haldnar á öllum Norðurlöndunum og sú síðasta á Siglufirði 2018. Stóra verkefnið nú, sem vonandi verður að veruleika er tilnefning **norræna súðbyrðingsins** á lista Unesco sáttmálans um verndun huglægra menningarminja. Þetta er fyrsta íslenska tilnefningin og jafnframt fyrsta samnorræna tilnefningin. Síðar á þessu ári verða greidd atkvæði um hvort þessi tilnefning nægir til þess að súðbyrðingurinn verði í framtíðinni norræn skrautfjöldur með öðrum slíkum um víða veröld.

Þingin sem voru áætluð víða um land á síðasta ári voru blásin af og fræðslufundirnir hafa einnig fallið niður. Enn nú eru bjartari tímar framundan og við erum að setja okkur í stellingar með að halda þingin og byrjum nú í haust. Hér með Fréttabréfinu fylgja upplýsingar um framhaldið.

Þegar okkur finnst lítið ganga og ýmsar hindranir á eðlilegri starfsemi félagsins er gott að ylja okkur við að rifja upp það sem hefur verið áorkað hingað til og hlakka til að hægt verði að taka upp þráðinn að nýju.

Sigrún Klara Hannesdóttir

*Vinsamlegast munið að greiða félagsgjöldin*

## VITALEIÐIN

- Gunnhildur Hrólfsdóttir


Vitaleiðin, ný ferðaleið á Suðurlandi var opnuð með hátíð við Stað á Eyrarbakka laugardaginn 12. júní sl.

Fulltrúar Vitafélagsins-Íslenskrar strandmenningar á hátíðinni voru Sigrún Klara Hannesdóttir og Gunnhildur Hrólfsdóttir.

Vitaleiðin er ný ferðaleið á Suðurlandi sem nær frá Selvogsvita í vestri og að Knarrarósvita í austri. Ef gengið er eftir strandlengjunni þá er lengd leiðarinnar tæp 50 km. Leiðin býður upp á kyrrð, orku, náttúru og dýralíf, auk mannlífs, sögu, menningar, matar og ýmis konar afþreyingar. Verkefnið er samvinnuverkefni Markaðsstofu Suðurlands, sveitarfélagsins Ölfuss og Sveitarfélagsins Árborgar. Einnig komu þjónustuaðilar á svæðinu að undirbúningi og vinnu.

Veður var indælt þennan dag og fjöldi fólks á svæðinu þegar við stöllum renndum í hlað. Við opnun hátíðarinnar sem hófst kl. 13:00 voru flutt ávörp. Þeir sem tóku til máls voru Dagný H. Jóhannsdóttir framkvæmdarstjóri Markaðsstofu Suðurlands, Gestur Þór Kristjánsson forsetir bæjarstjórnar, Sveitarfélagsins Ölfuss og Gísli H. Halldórsson, bæjarstjóri Árborgar. Tónlistartriði voru flutt af Jóni Óskari Erlendssyni og dætrum hans Evu Þóreyju og Ásdísi Karen. Að því loknu var klippt á borða og síðan boðið upp á léttar kaffiveitingar.

Vitaleiðin býður meðal annars upp á heimsóknir í þrjú þorp og þrjá vita og í tilefni dagsins voru tveir vitanna opnir; Hafnarnesviti og Knarrarósviti og boði upp á listasmiðju fyrir börn í Hafnarnesvita.



Knarrarósviti er 26 m. hár og stendur við Knarrarós í landi Baugstaða austan við Stokkseyri. Vitinn var byggður árið 1939 og er nefndur eftir Knarrarósi.

Í Knarrarósvita var tónlistarinnsetning tónlistarkonunnar Kiru Kiru, sem heitir fullu nafni Kristín Björk Kristjánsdóttir, kallaðist verkið Strandverðir sálarinnar. Var tónlist Kiru Kiru framlag Vitafélagsins til hátíðarinnar. Einstök upplifun var að ganga upp í vitann undir heillandi tönnum. Uppi hittum við tónlistarkonuna og áttum við hana orð um leið og við nutum útsýnsins.

Þó svo að bæði Hafnarnesviti og Selvogsviti séu merkar byggingar þá er Knarrarósviti áhugaverðastur þeirra þriggja. Hann er hannaður af Axeli Sveinssyni verkfræðingi eftir hugmyndum Guðjóns Samúelssonar húsameistara. Í hönnun vitans birtast áhrif fúnkis- og art nouveau (jugendstil) stefnum í húsagerðarlist sem voru dæmigerðar fyrir Guðjón. Meðal annara verka hans eru Hallgrímskirkja og Þjóðleikhúsið í Reykjavík.

Knarrarósviti var byggður 1938-1939, og var fyrsti viti á Íslandi byggður úr járnbennti steinsteypu. Vitinn er 26,2 metrar á hæð og er hann hæsta bygging á Suðurlandi.



Kira Kiru í Knarrarósvita þar sem tónverk hennar Strandverðir sálarinnar var flutt.



Í menningarhúsinu á Stokkseyri er vísir að Tónminjasafni. Þar er 30 fm. Íslandskort með merkingum á 106 vitum í kringum landið. Merkingarnar eru rafvæddar og kviknar á þeim undir tónverki Páls Íslólfssonar, Brennið þið vitar.

### Venkþekking við sjávarsíðuna - auðun til arfs

Málþing á vegum Vitafélagsins-Íslenskrar strandmenningar í samstarfi við heimamenn og mennta og menningarmálaráðuneytisins

Dagskrá málþinganna á Siglufirði og Akureyri fylgja blaðinu, en hún verður alls staðar með svipuðu sniði

- **október 2021**  
laugardagurinn 9. Akureyri  
sunnudaginn 10. Siglufjörður
- **nóvember 2021**  
laugardagurinn 6. Eskifjörður
- **janúar 2022**  
Vestmannaeyjar
- **febrúar 2022**  
Stykkishólmur
- **apríl 2022**  
Flateyri en þar verður jafnframt haldið námskeið í smíði súðbyrtra báta
- **maí 2022**  
Reykjavík

## MIKILVÆGI VITA OG SIGLINGATÆKJA

- Gunnhildur Hrólfsdóttir

### GAMALREYNDUR SJÓMAÐUR LÍTUR Í BAKSÝNISPEGILINN

Ólafur Ragnar Sigurðsson sem hefur verið mikill stuðningsmaður Vitafélagsins hefur frá mörgu að segja þegar kemur að notkun vita sem öryggisatækja. Hann var fús að miðla okkur af reynslu sinni enda telur hann mikilvægi vita fyrir sjófarendur fyrri tíma aldrei ofmetið. Gunnhildur settist með Ólafi til að fá innsýn inn í reynslu hans af áratuga sjómennsku.

Ólafur fæddist árið 1941 á Tálknafirði en flutti ungur til Grindavíkur með foreldrum sínum; Þórlaugu Ólafsdóttur og Sigurði Magnússyni skipstjóra. Ólafur var aðeins 13 ára þegar hann byrjaði á reketnum með pabba sínum og var svo á síldarbáti fyrir norðan land sumarið eftir. Hann tók gagnfræðapróf frá héraðsskólanum á Núpi og lauk síðan fiskimannaprófi, sem veitir réttindi á hvaða fiskiskip sem er, frá Stýrimannaskólanum 17 ára. Gerðist hann þá stýrimaður á á 110 tonna báti föður síns. Ólafur varð skipstjóri 21 árs og gegndi því starfi í 50 ár.

Í upphafi ferils Ólafs sem skipstjóra var siglingatækjum áfátt, ófullkominn radar sem var sjaldnast í lagi var í bát hans og annað leiðartæki var aðeins gamaldags kompás.

#### Mikilvægi vita

Það var ekki fyrr en með tilkomu vita sem Íslendingar gátu hafið siglingar milli landa, jafnvel í svartasta skammdeginu þegar ekkert sást nema stjörnuþjartur himinn. Upphafið má rekja til heimsóknar Danakonungs árið 1874. Kristján 9 Danakonungur kom til landsins það ár og má leiða líkum að því að eftir siglingu fyrir Reykjanes hafi hann beitt sér fyrir byggingu vitans á Valahnúki en þessi fyrsti viti á Íslandsströndum var reistur 1878. Hann gaf Íslendingum skjaldamerki krúnunnar til að festa á vitann sem nokkurs konar krúnudjásn.

Vitum fjölgaði ört eftir tilkomu Reykjanesvita og hafa þeir bjargað mörgum mannlífum. Í störfum sínum sem sjómaður notaði Ólafur vitana mikið. Þeir voru og eru margskonar og sendu m.a. út á morsi, SOS var neyðarkall. Með miði á vita og dýptarmælingu var hægt að reikna út staðsetningu báts. Sumir vitar voru stefnuvitar þ.e. radióvitar til að leiðbeina sjófarendum. Stefnuvitar lýstu 360 gráður og skiptist ljósið í geira; grænt, hvítt og rautt. Sigla varð eftir hvíta ljósinu. Rautt var hættumerki og sýndi sker eða grynningar. Með radióvitum var tekin radiómiðun milli tveggja vita og þar sem línurnar skárust var báturinn.

Í Grindavík voru merki í landi og þurftu þau að standast á til að óhætt væri að sigla eftir þeim. Öll merki voru sjófarendum nauðsynleg á þessum tíma. Ljós magn vita er gefið upp í almanaki og hver viti hafði sín einkenni. Hljóðviti var á Dalatanga og á Siglunesi. Í svarta þöku heyrðist hljóð frá vitunum og með talningu merkja var hægt að staðsetja bátinn.

#### Nýjungar

Sjómenn voru duglegir að tileinka sér nýjungar og mikil tæknibylting var að fá ratsjá í báta. Radarinn var í raun stríðstæki og um hann má segja eins og flest siglingatæki að þau voru upphaflega þróuð til notkunar í hernaði. Fiskleitartækið (astekið) var til dæmis í upphafi kafbátaleitartæki.

Þegar árin liðu voru sjófarendur komnir með staðsetningartæki (plotter) í báta sem með tilkomu gervihnatta sýndi staðsetningu þeirra. Í sum staðsetningartæki var komið siglingakort sem sýndi hvar báturinn var staðsettur. Með tilkomu tækninnar má segja að dregið hafi úr mikilvægi vita en þeir eru samt enn í fullu gildi. Sumir eru nú þegar friðlýstir sem fornminjar.

Öldudúfl eru víða notuð. Þau sýna ölduhæð. Áður þurfti að sigta hæðina út og meta möguleika t.d. í erfiðum aðstæðum við innsiglingu til hafnar.

Ólafur missti aldrei mann og telur hann sig lánsaman. Hann stundaði alla tíð hefðbundnar veiðar; línu og net yfir vetrartímann og síldveiðar meðan þær voru stundaðar á sumrin fyrir norðan og austan. Þegar kvótinn var settur segir hann að hans skip hafi fengið næstmesta kvóta á landsvísu.

Siglingar voru hættulegar og sitja fast í minni þeirra sem upplifðu fréttir af sjóslysum. Ólafur rifjar sérstaklega upp skipskaða við Grindavík. Árið 1933 fórst togarinn Skúli fögeti við Staðarberg í Grindavík. 24 mönnum var bjargað en 13 fórust. Á Ósnesi við Grindavík hafa margir bátar farist. Ólafur minnst þess þegar oliuskipið Clam rak vélarvana upp í fjöru á Reykjanesi árið 1950. Af 50 manna áhöfn fórust 27 en 23 tókst að bjarga. Margt fleira er honum minnstætt sem of langt yrði upp að telja hér.

#### Reykjanesviti

Núverandi Reykjanesviti var tekinn í notkun 1908 og lýsir hann 16 sjómílur í eðlilegu skyggni. Rústir gamla vitans liggja fyrir neðan Valahnúk. Eitthvað af grjóti úr honum var notað þegar nýr viti var byggður fjær sjónum. Hollvínasamtök Reykjanesvita, sem Ólafur er mjög virkur í, vinna nú að því að gera upp vélhús vitans og stendur til að gera það að safni. Skjaldamerki konungs hefur verið endurgert og komið fyrir á vitanum. Í safninu verður m.a. mynd af gamla vitanum sem og sögu vitanna á Reykjanesi og vitavarða sem þar hafa þjónað. Steft er að því að opna safnið haustið 2021.



Ólafur Ragnar Sigurðsson